

Reglugerð sjúkrasjóðs Félags iðn- og tæknigreina (FIT)

1. gr. Heiti sjóðsins og aðsetur

1.1 Sjóðurinn heitir Sjúkra- og styrktarsjóður FIT.

1.2 Sjóðurinn er eign FIT. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Verkefni sjóðsins

2.1 Verkefni sjóðsins er að greiða dagpeninga vegna launataps sjóðfélaga í veikinda- og slysatilfellum. Einnig greiðir sjóðurinn launatap vegna langvarandi veikinda maka eða barna undir 18 ára aldri. Eftirlifendur geta sótt um dánarbætur frá félaginu vegna andláts sjóðfélaga.

2.2 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til sjóðfélaga í formi forvarnar-, hjálpartækja- eða endurhæfingarstyrkja.

2.3 Einnig er stjórninni heimilt að veita styrki vegna sjúkra- og slysakostnaðar.

2.4 Sjóðurinn getur varið fé til að stuðla að bættu heilsufari félagsmanna til dæmis með framlögum til rannsókna og verkefna á sviði heilbrigðis- og öryggismála.

2.5 Stjórn sjóðsins mótar starfsreglur um úthlutanir og setur nánari reglur um fyrirkomulag á greiðslu dagpeninga og aðra starfstilhögun sjóðsins samkvæmt reglum þessum.

3. gr. Tekjur

Tekjur sjóðsins eru:

- A) Samkvæmt kjarasamningum FIT, sbr. 7. gr. laga nr. 19/1979, samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- B) Vaxtatekjur og annar arður.
- C) Gjafir, framlög og styrkir.
- D) Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins/sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

4. gr. Stjórn og rekstur sjóðsins

4.1 Stjórn FIT fer með stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á rekstri og fjárreiðum hans.

4.2 Stjórn sjóðsins og starfsmenn skulu fara með allar umsóknir og afgreiðslur úr sjóðnum sem trúnaðarmál.

4.3 Fjárreiður og umsjón með sjóðnum annast skrifstofa FIT. Þjónustufulltrúar sjóða hjá FIT sjá um almenna afgreiðslu umsókna í sjóðinn á ábyrgð stjórnar.

4.4 Þegar farsóttir geisa eða aðrar ófyrirséðar aðstæður ríkja getur stjórn sjóðsins leyst sjóðinn undan greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Stjórnin getur ákveðið að lækka dagpeninga um stundarsakir ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

4.5 Sjóðnum er heimilt að eiga fasteign eða hlut í fasteign undir starfsemi sína enda komi eðlilegt endurgjald af slíkri fjárfestingu. Sjóðurinn greiðir hluta af sameiginlegum rekstrar-kostnaði félagsins eins og hann er á hverjum tíma, þó aldrei hærra upphæð en sem nemur 20% af tekjum sjóðsins.

4.6 Til að ná markmiðum sjóðsins er stjórn sjóðsins heimilt að kaupa viðbótartryggingu í þágu sjóðfélaga, sem tekur þá yfir þann hluta reglugerðar sjóðsins.

4.7 Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til þess að vísa félagsmönnum til trúnaðarlæknis félagsins teljist þess þörf að mati stjórnar. Sinni félagsmaður ekki boðun í viðtal frá trúnaðarlækni félagsins getur sjóðurinn synjað félagsmanni um greiðslur úr sjóðnum.

5. gr. Reikningar sjóðsins og endurskoðun

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og félagslegum skoðunarmönnum reikninga á sama hátt og reikningar félagsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Leggja skal reikninga sjóðsins fyrir aðalfund FIT sem einnig er aðalfundur sjóðsins.

6. gr. Úttekt óháðra eftirlitsaðila

6.1 Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína. Stjórn sjóðsins skal senda miðstjórn ASÍ úttekt þessa með ársreikningi sjóðsins.

6.2 Um skil á ársreikningum og tryggingafræðilegu mati til ASÍ fer samkvæmt starfsreglum og lögum sambandsins á hverjum tíma.

6.3 Geti sjóðurinn ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. niðurstöðu úttektarinnar ber stjórn sjóðsins að leggja fyrir aðalfund tillögu að breytingu á reglugerð sem tryggir að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

7. gr. Ávöxtun sjóðsins

Sjóðnum er heimilt að ávaxta fé sitt:

- A. Með kaupum á ríkisskuldabréfum eða skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
- B. Með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum.
- C. Í bönkum og sparisjóðum.
- D. Í fasteignum tengdum starfsemi sjóðsins.
- E. Á annan þann hátt er stjórn sjóðsins metur tryggan.

8. gr. Réttur til styrks úr sjúkrasjóði FIT

8.1 Hafi félagsmaður skilað iðgjaldagreiðslum til félagsins í a.m.k. sex mánuði samfelld, þegar réttur til aðstoðar myndast, öðlast hann rétt í sjúkrasjóði.

8.2 Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði FIT með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í FIT þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Sé greitt félagsgjald af fæðingarorlofsgreiðslum/atvinnuleysisbótum telst sá tími til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta.

8.3 Sjúkrasjóður FIT greiðir sjúkra- eða slysadagpeninga ef félagsmaður verður óvinnufær, sökum veikinda eða slysa, og launatekjur hafa fallið niður. Veikindaréttur félagsmanns hjá atvinnurekanda, samkvæmt kjarasamningi, þarf að vera fullnýttur.

8.4 Þeir sem vinna á eigin kennitölu (einyrkjar) og greiða til sjóða félagsins eiga rétt til greiðslna úr sjúkrasjóði. Stjórn sjóðsins er heimilt að takmarka í starfsreglum greiðslur og réttindaávinnslu til þeirra sem greiða minna en lágmarkstaxti kjarasamnings viðkomandi félagsmanns segir til um. Hjá einyrkjum miðast fullt starf við viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald sem settar eru árlega af ríkisskattstjóra um lágmarksgjald fyrir iðnaðarmenn. Stjórn sjóðsins getur þó ákveðið að annað viðmið en ákveðið er af skattinum, t.d. að miða við iðgjaldagreiðslur viðkomandi einyrkja í sjúkrasjóð.

8.5 Iðnnemar á námssamningi sem greitt er af til sjóðsins geta átt rétt til greiðslna úr sjúkrasjóði.

8.6 Þeir sem ekki eru félagsmenn en greitt hafa til sjóðsins a.m.k. sex síðastliðna mánuði geta átt rétt á greiðslum úr sjóðnum, þó aldrei hærrí upphæð en þeir hafa greitt til sjóðsins.

8.7 Sjóðfélagi sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði annars stéttarfélags innan ASÍ, öðlast rétt til sjúkra- og slysadagpeninga hjá sjúkrasjóðnum eftir að hafa greitt í hann í einn mánuð, enda hafi hann fram að því sannanlega átt rétt hjá fyrri sjóðnum.

8.8 Stjórn er heimilt að ákveða í úthlutunarreglum rétt til greiðslna úr sjúkrasjóði til þeirra félagsmanna sem látið hafa af störfum vegna aldurs eða örorku.

8.9 Félagsmáður getur átt rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði þó iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi ekki verið greidd vegna sjóðfélaga ef hann getur fært sönnur á að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, og skal hann þá njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.

8.10 Vinni maður á fleiri en einum vinnustað og hafi verið greitt í fleiri en einn sjúkrasjóð þegar sótt er um greiðslu, skal umsækjandi greina frá því í hvaða sjóði hann hefur greitt og er heimilt að fresta greiðslu bóta þangað til fyrir liggur staðfesting annarra sjóða á því að umsækjandi hafi ekki sótt um greiðslur þaðan. Sjúkrasjóðurinn skal leita slíkrar staðfestingar og gefa síðan öðrum sjóðum yfirlit yfir þær bætur sem greiddar eru vegna umsækjandans, tegund og fjárhæð bóta.

8.11 Stjórn útfærir í úthlutunarreglum sínum hvenær þeir sem hafa þegar fullnýtt rétt sinn geta aftur sótt um hjá sjóðnum að nýju.

8.12 Stjórn sjóðsins er heimilt að endurgreiða sjóðfélögum sjúkra- og endurhæfingarkostnað. Sjóðstjórn ákveður fjárhæðir og skilyrði endurgreiðslna.

9. gr. Greiðsla dagpeninga

9.1 Dagpeninga sjóðfélaga sem greitt hefur verið af til sjóðsins í 6 mánuði samfelld eða lengur skal miða við 80% af meðallaunum hans á mánuði næstliðna 6 mánuði samkvæmt iðgjaldaskilum. Stjórn sjóðsins skal ákveða hámarksupphæð bóta. Óvinnufærni þeirra sem ekki eru launamenn (einyrkjar) þarf að hafa staðið samfelld í 31 dag að lágmarki áður en dagpeningagreiðslur hefjast.

9.2 Réttur til dagpeninga stofnast frá þeim tíma er samningsbundinni eða lögboðinni kaupgreiðslu/greiðslum samkvæmt reglum um veikindarétt lýkur enda sé bótatímabil eigi skemmra en 10 virkir dagar eftir að framangreindum greiðslum atvinnurekenda sleppir.

9.3 Dagpeningar eru greiddir mánaðarlega. Dagpeningar í veikinda- og slysaforföllum greiðast að hámarki í 120 daga (4 mánuði). Ekki er greitt lengur en óvinnufærni eða veikindi vara.

9.4 Réttur til nýs sjúkradagpeningatímabils stofnast aftur þegar greitt hefur verið vegna sjóðfélaga í 12 mánuði eftir að síðasta tímabili lauk. Hverjum sjóðfélaga eru að hámarki greidd tvö sjúkradagpeningatímabil á hverju þriggja ára tímabili.

9.5 Heimilt er að miða við meðaltal heildarlauna á síðustu 12 mánuðum í stað síðustu 6 mánaða, hafi tekjur sjóðfélaga breyst verulega til hækkunar eða lækkunar á viðmiðunartímabilinu.

9.6 Dagpeningar greiðast ekki þegar bótaskylda vegna slyss eða atvinnusjúkdóms, þ.m.t. bifreiðaslysa, fellur á tjónvald og bætur fást greiddar skv. skaðabótalögum úr hendi hans eða á grundvelli ábyrgðartryggingar.

9.7 Eigi félagsmaður ekki rétt á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði þá getur hann mögulega átt rétt á greiðslum úr sjúkrasjóði félagsins.

9.8 Heimilt er að greiða dagpeninga í 90 daga (3 mánuði) vegna mjög alvarlegra veikinda maka eða langvinnra veikinda barna undir 18 ára aldri enda liggja fyrir læknisvottorð þar um. Um það gilda ofangreindar reglur um úthlutun.

9.9 Réttur til dagpeninga fellur niður þegar/ef sjóðfélagi hefur hætt störfum vegna veikinda/slyss og öðlast rétt til elli-, örorku- eða endurhæfingargreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins og/eða lífeyrissjóði eða er á orlofslaunum.

9.10 Stjórn sjóðsins er auk fyrrgreindra 120 daga heimilt að lengja bótatímabil um allt að 60 daga ef sjóðfélagi á ekki kost á bótum frá lífeyrissjóði eða Tryggingarsjóði vegna tímabundinnar örorku.

9.11 Heimilt er að greiða dagpeninga til félagsmanns sem er í hlutastarfi að læknisráði. Greiðslur eru þá í hlutfalli við skerðingu vinnutíma. Stjórn setur nánari reglur þar um.

10. gr. Greiðsla dánarbóta

10.1 Félagið greiðir eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga. Stjórn ákveður hámark bótafjárhæðar í úthlutunarreglum.

10.2 Við andlát félaga sem ekki er á vinnumarkaði en var sjóðfélagi við starfslok er stjórn sjóðsins heimilt að greiða til dánarbús hins látna hluta dánarbóta. Skilyrði greiðslu er að hinn látni hafi verið sjóðfélagi samfelld síðustu 7 ár fyrir starfslok. Skulu fjárhæðir samkvæmt þessum lið ákveðnar í stjórn. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um úthlutunir.

10.3 Réttthafar dánarbóta eru: Eftirlifandi maki, börn hins látna (lögráðamenn f.h. barna undir 18 ára aldri) eða sá sem annast framfærslu barna að fullu.

10.4 Láti sjóðfélagi ekki eftir sig maka eða börn, er heimilt að greiða með sama hætti dánarbúi dánarbætur hafi aðrir erfingjar annast útför hins látna og gengist við eignum og skuldum hans. Sækja þarf um dánarbætur og leggja fram dánarvottorð um andlát viðkomandi.

11. gr. Styrkir sem stuðla að bættri heilsu sjóðfélaga

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita styrki til sjóðfélaga í formi forvarnar- hjálpartækja- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar. Sjóðurinn getur varið fé til að stuðla að bættu heilsufari félagsmanna til dæmis með framlögum til rannsókna og verkefna á sviði heilbrigðis- og öryggismála. Stjórn sjóðsins útfærir nánar hvað sé heimilt að styrkja og setur um það nánari reglur.

12. gr. Tilhögun greiðslna úr sjóðnum

12.1 Afgreiðsla sjóðsins skal vera á skrifstofu FIT. Sækja skal skriflega um bætur frá sjóðnum. Framvísa ber íslensku sjúkradagpeningavottorði og leggja fram gögn um hvenær launagreiðslum lauk. Stjórn setur frekari skilyrði um gögn sem skal skila í úthlutunarreglum. Heimilt er að senda umsækjanda til trúnaðarlæknis félagsins. Sjóðstjórn er heimilt að hækka dagpeninga og styrki með hliðsjón af launapróun FIT að teknu tilliti til afkomu sjóðsins.

12.2 Þjónustufulltrúar sjóða hjá FIT sjá um almenna afgreiðslu umsókna í sjóðinn á ábyrgð stjórnar. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á rekstri sjóðsins.

12.3 Iðgjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki.

13. gr. Skyldur sjóðfélaga, umsóknir um greiðslur og upplýsingar

13.1 Umsóknnum skal skilað í því formi sem stjórn sjóðsins ákveður ásamt nauðsynlegum vottorðum er tryggja réttmæti greiðslna.

13.2 Umsækjandi skal, ef nauðsyn ber til að mati sjóðstjórnar, heimila trúnaðarlækni sjóðsins að sannreyna réttmæti framlagðra læknisvottorða og læknisskoðun ef þörf krefur. Sjóðfélagi er verið hefur frá störfum vegna veikinda/slyss skal ef sjóðstjórn óskar, mæta í viðtal til starfsendurhæfingarráðgjafa sjóðsins og skoðun til trúnaðarlæknis eða annars aðila sem sjóðurinn tilnefnir, sé þess óskað.

13.3 Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá umsækjanda skal sjóðstjórn hafna umsókn að svo stöddu. Sjóðfélagi sem gefið hefur rangar eða villandi upplýsingar eða leynt hefur upplýsingum um hagi sína, fyrirgerir rétti sínum. Heimilt er að endurkrefja sjóðfélaga um allar greiðslur sem þannig eru fengnar.

14. gr. Lausn frá greiðsluskyldu

Ef farsóttir geisa getur sjóðstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð dagpeninga ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

15. gr. Fyrning bótaréttar

Réttur til dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

Réttur til styrkja skv. reglugerð þessari fellur að öðru leyti niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

16. gr. Endurgreiðsla iðgjalda

Iðgjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki.

17. gr. Upplýsingaskylda

Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðfélaga um rétt þeirra til aðstoðar sjóðsins á aðgengilegan hátt á heimasíðu félagsins.

18. gr. Breyting á reglugerð

Reglugerð þessari má breyta á lögsmætum aðalfundi félagsins, enda hafi breytinganna verið getið á fundarboði. Einnig er heimilt að breyta reglugerðinni á félagsfundi, hafi breytingar áður verið ræddar á félagsfundi og þeirra getið í fundarboði. Til þess að breyting teljist samþykkt

skal hún hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur um reglugerðarbreytingar frá einstökum félagsmönnum skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. janúar ár hvert.

Samþykktar breytingar á reglugerðinni skulu sendar skrifstofu ASÍ.

Reglugerðin þannig samþykkt á tveimur félagsfundum 8.11.2007.

Reglugerðin þannig samþykkt á tveimur félagsfundum 25.11.2021.

Reglugerðin þannig samþykkt á aðalfundi 23.03. 2024